



## Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps  
föstudaginn 14. ágúst 2015 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Vilberg Þráinsson, Guðrún Guðmundsdóttir og Ágúst Már Gröndal. Einnig sátu fundinn Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skólastjóri, Svanborg Guðbjörnsdóttir fh. kennara grunnskólasviðs og Ingibjörg Smáradóttir f.h, foreldrafélags Reykhólaskóla. Ágúst Már ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Vilberg bauð fólk velkomid og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, engin mál bárust, þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### **1. 1508 – Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 7. apríl 2015.**

*VP fór yfir fundargerðina. Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

#### **2. 1508 – Kennslutímar skólaárið 2015-2016.**

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 06. ágúst 2015.

*Nefndin samþykkir allt að 163 kennslustundir í kennslu skólaárið 2015-2016.  
Samþykkt samhljóða.*

VP vikur af fundi. GG tekur við fundarstjórn.

#### **3. 1508 – Skólaakstur skólaárið 2015-2016.**

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 12. ágúst 2015.

*Skólastjóri fór yfir stöðu skólaksturs vegna ársins 2015-2016. Miðað við núverandi stöðu, eru skólabílar í Gufudalssveit og á Reykjanesinu með næg sæti í bílunum. Skólabíllinn í innsveitinni tekur 8 nemendur en óskað hefur verið eftir plássi fyrir 10 nemendur, þar af 3 nemendur í leikskólanum.*

*Nefndin leggur til að sveitarstjórn hafi í huga fjölgun skólabarna í innsveitinni við gerð útboðs vegna skólaaksturs, þar sem núverandi samningar renna út vorið 2016.*

VP kemur inn á fundinn og tekur við fundarstjórn.

**Mál til kynningar:**

- 4. 1505004 – Stofnun tómstundaráðs-/nefndar í Reykhólahreppi.**  
Bókun sveitastjórnar Reykhólahrepps, dagsett 18. maí 2015.

Lagt fram.

- 5. 1508 – Ársskýrsla Reykhólaskóla.**  
Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla.

Ársskýrsla lögð fram.

- 6. 1508 – Skóladagatal leikskóladeildar Reykhólaskóla.**  
Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla.

Lagt fram.

- 7. 1508 – Framkvæmdir í Reykhólaskóla.**  
Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla.

*Skólastjóri fór yfir stöðu framkvæmda við Reykhólaskóla.*

- 8. 1508 – Héraðsbókasafn Reykhólahrepps.**  
Erindi frá Ágústi Má Gröndal

ÁMG fór yfir stöðu héraðsbókasafnins.

**Önnur mál (ef einhver):**

**Fundargerð lesin, fundi slitið kl. 11.20.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____